



18. fundur í landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar haldinn miðvikudaginn 25. október kl. 17. Félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt: Sverrir Möller, Maríus Snær Halldórsson, Sigríður Ósk Indriðadóttir og Steinunn Anna Halldórsdóttir.

### **Dagskrá**

1. Erindi frá AM Praxis lögmönnum f.h. Marinós Jóhannssonar.
2. Önnur mál.

### **Fundargerð**

- 1) Erindi frá AM Praxis lögmönnum f.h. Marinós Jóhannssonar.  
Sverrir fór yfir innsent bréf AM Praxis. Farið var ítarlega í gegnum svarbréf sveitarstjóra. Landbúnaðarnefnd hefur engu við svör sveitarstjóra að bæta. Telur að þar komi allt fram sem spurt er um í bréfi frá AM Praxis lögfræðistofu.
- 2) Önnur mál
  - a) Landbúnaðarnefnd leggur til að sveitarstjórn sendi frá sér ályktun til alþingis vegna stöðunnar í sauðfjárræktinni. Það er ljóst að sauðfjárrækt í Langanesbyggð leggst af verði ekkert að gert.
  - b) Sveitarstjórn leggur til kr. 500.000 til landbúnaðarnefndar fyrir árið 2017. Landbúnaðarnefnd leggur til að stofnuð verði bók á fjallskilasjóð Langanesbyggðar. Þar skal haldið utan um það fjármagn sem sveitarstjórn leggur til. Fjárhæð sé því aðeins tekin út þegar framkvæmdir hefjast.
  - c) Framkvæmdir haust 2017: Aðhald við Heiðarhöfn og í Kverkártungu.
  - d) Varðandi gamlar og ónýtar girðingar sem ekki hefur verið hirt um að taka þrátt fyrir innsend bréf til landeiganda. Þá leggur Landbúnaðarnefnd til að vinnan við að rífa þessar girðingar á eyðibýlum verði boðin út eða leitað eftir tilboðum í verkið. Upplýsingar um umfang girðinganna á jörðunum er til frá fyrri árum.